

8. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vestur-umdæminu um fjölgun hinna reglulegu póstferða í vestur-umdæminu.¹

1857.
11. apríl.

Herra amtmanninum mun kunnugt, að alþingi árið 1855 sendi allraþegnsamlegasta bænarskrá um, að samið væri og lagt fyrir næsta alþing frumvarp til laga eða reglugjörðar um tilhögun á póstferðum á Íslandi, og að, þágangtil þessi endurbót kæmist á, hinum reglulegu póstgaungum til bráðabyrgða væri fjölgað þannig, að 4 reglulegar póstferðir væri í sambandi við póstskipsferðirnar á ári milli Reykjavíkur og hvers umdæmis fyrir sig, svo að einni póstferð væri fjölgað milli Reykjavíkur og Akureyrar, og þremur milli Reykjavíkur og Stykkishólms. Auk þessa hefir þingið beðið um, að póstferðum í vestur-umdæminu sjálfu væri fjölgað, þannig, að á ári hverju væri 4—6 reglulegar póstgaungur frá amtmannssetrinu um allar sýslur umdæmisins.

Póstgaungur á Íslandi standa nú að vísu í svo nánu sambandi við póstferðir milli Íslands og Danmerkur, að ekki verður neitt fast ákveðið um tilhögun þeirra fyr en búið er að koma hinu síðast nefnda í lag, og mun ekki svo stuttur tími líða áður það geti orðið, en stjórnarráðið hlýtur þó að álíta einkar árféanda, að póstferðum þeim á Íslandi, sem til þessa hafa átt sér stað, verði til bráðabyrgða fjölgað, samkvæmt því sem alþingi hefir stungið uppá. Og þaræð stjórnarráðið nú þegar hefir séð svo um, að einni póstferð verði fjölgað milli Reykjavíkur og Akureyrar, þá hlýt eg að biðja herra amtmanninn, eptir að þér hafið skrifazt á og borið ráð yðar saman við stiptamtmaninn, nákvæmlega að íhuga, hvort fjölgun þeirri á póstferðum milli Reykjavíkur og Stykkishólms og í sjálfu vestur-umdæminu, sem alþingi hefir stungið uppá, muni verða komið við með peningum þeim, sem nú eru lagðir til póstferða á Íslandi; en ef þér fallizt á þetta, þá bið eg yður að gjöra ráðstafanir þær,

1) Sama dag ritaði stjórnarráðið stiptamtmaninum á Íslandi, og sendi honum eptirrit af bréfi þessu, og var hann um leið beðinn að segja álit sitt um, hvort ekki mundi vera tilefni til, eptirleiðis að láta falla burtu aðra póstferðina frá Skaptafells sýslu til Eskifjarðar.

1857.
11. apríl.

sem til þessa þurfa, samkvæmt uppástúngum yðar í bréfum 8. febrúar 1850 og 26. janúar 1852, þó með breytingum þeim, sem nauðsynlegar eru til þess að koma póstferðum þessum í samband við póstskipsferðirnar, sem síðar eru ákveðnar.

Viðvíkjandi kostnaði þeim, sem leiðir af póstferðafjölgun þeirri sem hér ræðir um, þá skal eg geta þess, að þér hafið í áðurnefndu bréfi yðar 8. febrúar 1850 skýrt frá, að hver póstferð milli Reykjavíkur og Stykkishólms mundi verða á 12 rd., og þrjár hinar nýju póstferðir frá Stykkishólmi til sýslumannanna í Dala, Barðastrandar og Ísafjarðar sýslum í mesta lagi alls á 60 rd. Við þetta bætist kostnaður sá, sem þér segið að leiða muni af aukapóstferð þeirri til Stranda sýslu, sem þér getið um í bréfi yðar 26. janúar 1852, og mun hann í mesta lagi fyrir þrjár ferðir verða 30 rd.; allur kostnaðurinn yrði þá hærumbil 126 rd., en helmíngur þessa mun eptir yðar álitu koma inn fyrir bræfburðarpenínga, og það sem því í raun og veru þyrfti meira til að kosta yrði þá einungis milli 60 og 70 rd. á ári. Stiptamtmaðurinn hefir árið 1855 sent hingað skýrslu um útgjöldin við póstgaungur á Íslandi, og hafa þau eptir henni verið 400 rd. á ári eptir meðaltali um 5 ára bil; teli maður nú svo, að póstferð sú, sem síðan er komin á til Akureyrar, kosti 60 rd., eru þó eptir 40 rd. af þeim 500 rd., sem fjárhagslögin leggja til póstferðanna á ári, og sè ennfremur íhugað, að þegar reglulegum póstgaungum verður fjölgað eptir því sem hér segir, verður komizt hjá kostnaði þeim, sem til þessa tíma hefir leidd af tveimur aukapóstferðum frá Stykkishólmi til Reykjavíkur og af einni frá Stykkishólmi til Ísafjarðar, og að, ef til vill, megi leggja niður aðra póstferðina frá Skaptafells sýslu til Eskifjarðar, þá eru líkindi til að koma megi við fjölgun þessari á póstgaungunum í vesturumdæminu með peníngum þeim, sem til þess eru þegar lagðir. En verði það ofaná, að reikningsáætlun þessi ekki standi heima, þá bið eg herra amtmanninn hið bráðasta að senda stjórnarráðinu uppástúngu um viðbót þá, sem til þessa þyrfti.